

Ed. 820. Nefndarálit [221. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976, með síðari breytingum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundum sínum. Umsögn barst frá Búnaðarfélagi Íslands sem byggð var á ályktun Búnaðarþings um málið.

Á fundi nefndarinnar komu til viðræðna þeir Hermann Sigurjónsson, Bjarni Guðráðsson og Sigurður Þórólfsson, en þeir voru kjörnir á Búnaðarþingi til að fjalla nánar um málið, auk þess Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri, Bjarni Guðmundsson aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra og Tryggvi Gunnarsson fulltrúi í landbúnaðarráðuneytinu.

Nefndarmenn voru sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum sem lagðar eru fram á sérstöku þskj.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum breytingartilögum sem fram kunna að koma.

Alþingi, 10. maí 1984.

Egill Jónsson,
form., frsm.

Ey. Kon. Jónsson,
fundaskr.

Helgi Seljan.

Davíð Aðalsteinsson.

Porv. Garðar Kristjánsson.

Kolbrún Jónsdóttir.

Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.